

Merkiskonur sögunnar

Bókarhöfundur: Kolbrún S. Ingólfssdóttir

Bókarheiti: Merkiskonur sögunnar

Gagnrýnandi: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor í félagsfræði

Útgáfa: Veröld, Reykjavík 2009, 326 bls.

Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram: *"Þrátt fyrir einhverja annmarka og þá skoðun mína að vinna hefði mátt handritið betur er útkoma bókarinnar gleðiefni, ekki síst fyrir yngri kynslóðir kvenna sem brýnt er að sæki sjálfmynd sína í sterkar konur. Er það von mín og trú að sú forvitni sem bókin kann að vekja muni hvetja til frekari rannsókna á sögunni sem varpað gætu enn skýrara ljósi á lífshlaup merkiskvennanna en hér er gert."*

MERK BÓK OG MIKLAR KONUR

Bókin Merkiskonur sögunnar er athyglisvert framtak því mannkynssagan eins og hún hefur verið borin á borð fyrir okkur fjallar aðallega um evrópska karlmenn. Höfundurinn, Kolbrún S. Ingólfssdóttir, segir: „Konur voru eiginkonur bænda sinna, mæður barna sinna, nunnur, gleðikonur, hjákonur eða vinnukonur sem ekki töldust vinna nein afrek til frásagnar í ritum“ (bls. 11). Konurnar sem fjallað er um eru 33 talsins, allar fæddar fyrir árið 1870. Ástæðan er sögð vera sú að þá hófst tími kvenréttindakvenna og að um þær séu til góðar heimildir. Efni um það tímabil megi setja saman í aðra viðlíka bók.

Bókin skiptist í eftirfarandi kafla og frásagnir: Fornaldarkonur; Hatsepút faraói, Saffó ljóðskáld, Kleópatra VII faraói og Theodóra keisaraynja. Íslenskar valkyrjur; Auður djúpúgða, Guðrún Ósvífursdóttir og Guðrún Þorbjarnardóttir. Óldubrjótar; Hildegard frá Bingen, Elenóra af Aquitaníu, Margrét I Danadrottning, Jóhanna af Örk og Ísabella I drottning. Erfðadrottningar; María I Tódor, Katrín af Medici, Elísabet I og María Stúart. Siðaskiptakonur; Pocahontas og Kristín Svíadrottning. Brautryðjendur; María Teresía, Katrín mikla, María Wollstonecraft og Sojourner Truth. Hugsjónakonur; Karlotta, Emilía og Anna Brontë-systur, Viktoría Bretadrottning, Florence Nightingale og Tz'u-hsi Yehonala keisaraynja. Jafnrétti, menntun og vísindi; Bríet Bjarnhéðinsdóttir, Jane Addams, Ida B. Wells-Barnett, María Skłodowska-Curie og Helen Keller. Eins og sést á þessari upptalningu koma konurnar úr ýmsum áttum, bæði landfræðilega og hvað starfssvið varðar.

Fyrirsagnir kaflanna eru skemmtilegar en misjafnlega vel lýsandi fyrir konurnar. Fjallað er um þær í tímaröð svo fyrirsagnirnar lýsa að einhverju leyti betur tímabilinu sem um ræðir en því sem raunverulega einkennir hverja konu fyrir sig. Fyrsti kaflinn, Fornaldarkonur, fjallar um konur sem eru fæddar frá 1507 fyrir krist (Hatsepút, faraóa í Egyptalandi) til 497 eftir Krist (Theodóra, keisaraynja í Austurrómverska ríkinu). Síðasti kaflinn, Jafnrétti, menntun og vísindi, fjallar um konur sem fæddust á tímabilinu 1856 (Bríet Bjarnhéðinsdóttir) til 1880 (Helen Keller). Kaflarnir og frásagnirnar af hverri konu fyrir sig eru mjög misjafnar að lengd. Þannig er einungis fjallað í óvenju stuttu máli um tvær konur í kaflanum Siðaskiptakonur. Þetta eru þær Pocahontas (f. 1595) sem er kynnt sem fyrsta fjölmiðlastjarna Bandaríkjanna og Kristína Svíadrottning (f. 1626).

Að velja konur í bók sem þessa er sem betur fer ekki einfalt. Þótt mannkynssagan hafi fyrst og fremst fjallað um karlmenn þá hafa margar merkar konur ratað inn á sögu sviðið. Höfundur segist hafa kosið að taka saman stutta frásögn af æfi þeirra kvenna sem henni þykir hafa haft marktæk áhrif á þjóð sína, land og heiminn allan, en ljóst má vera að höfundurinn hefur einnig þurft að sleppa mörgum konum sem fallið gætu undir þá skilgreiningu. Í inngangi bókarinnar gerir höfundur nánar grein fyrir vali sínu og segist skipta konunum í fimm hópa. Um það segir höfundur (bls. 12): „Þeirra er getið vegna eigin verðleika, erfða, hjónabands, sem valdamikilla mæðra og loks eru þær sem kalla má fulltrúa ákveðinna hópa.“ Þessi skipting er lesandanum ekki nægilega ljós. Ég tel að þrátt fyrir að tiltekna konur hafi komist til valda sem mæður eða vegna erfða, þá hefði engin þeirra komist til þessara áhrifa nema vegna þess að þær bjuggu einnig sjálfar yfir því sem kallast mætti „eigin verðleikar“. Konur voru ekki í þeirri stöðu á þessum tíma að þær kæmust til áhrifa utan veggja heimilisins nema þær hefðu margt til brunns að bera. Lesandinn fær ágæta innsýn í á hvern hátt sumar þessara kvenna komust „óvart“ til valda vegna óvæntrar fjarveru erfðaprinsanna og/eða eiginmanna. Þær hefðu hins vegar ekki haldið völdum og haft þau áhrif sem fjallað er um nema vegna eigin verðleika og kænsku. Margar kvennanna voru gefnar eiginmönnum sínum sem liður í valdatafli feðra eða fjölskyldna. Þær nýttu þó ýmis tækifæri til að vera gerendur í eigin lífi og voru fjarri því að vera þau viljalaus verkfæri sem ætla

mætti af lestri hefðbundinnar mannkynssögu. Á það varpar bókin Merkiskonur sögunnar skýru ljósi.

Einn helsti löstur bókarinnar er sá að hún fjallar stundum of lítið um konurnar sjálfar, en þeim mun meira um þá einstaklinga og átök sem umlykja líf þeirra. Ástæðan er væntanlega sú að höfundur styðst við þegar útgefnar heimildir, sem fjalla ekki um þessar konur nema sem hluta af ættarboganum sem þær tilheyra eða aðstæðum sem fjallað er um. Hver frásögn er því stundum helst til of sundurlaus og einkennist í of mörgum tilfellum af upptalningu á fjölskyldu, krosstengslum og valdatafli sem við þekkjum úr Íslendingasögunum og sambærilegum bókmenntum. Eftir lestur bókarinnar þyrstir lesandann því enn eftir innsýn í líf kvennanna sem hér um ræðir. Gildir það einkum um fyrstu kaflana sem styðjast við elstu heimildirnar. Fyrir marga lesendur verður því hér fyrst og fremst um upprifjun að ræða fremur en að varpað sé nýju ljósi á áður framkomna þekkingu. Aftast í bókinni er skrá yfir heimildir, en hvergi er vísað til þeirra í texta.

Þrátt fyrir þessa annmarka og þá skoðun mína að vinna hefði mátt handritið betur er útkoma bókarinnar gleðiefni, ekki síst fyrir yngri kynslóðir kvenna sem brýnt er að sækja sjálfmynd sína í sterkar konur. Er það von mín og trú að sú forvitni sem bókin kann að vekja muni hvetja til frekari rannsókna á sögunni sem varpað gætu enn skýrara ljósi á lífshlaup merkiskvennanna en hér er gert.

Helga Hilmarssyni hefur tekist vel til við hönnun smekklegrar bókakápu í hlýlegum litum. Ég sakna þess þó að upplýsingar um höfundinn, Kolbrúnu S. Ingólfsdóttur, komi ekki fram á bókakápunni eða á öðrum aðgengilegum stað í bókinni. Á sama tíma og hún varpar ljósi á 33 merkiskonur sögunnar kys hún að halda upplýsingum um sig sjálfa frá lesandanum. Það er óþarfa hlédrægni.